

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2017  
UST201711-074/B.S.  
10.05.03

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Þingvallavegur – Endurbætur. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Fyrirhugað framkvæmd er innan vegsvæðis núverandi vegar en ráðgert er að breikka veginn úr 6.5 m í 8.0 m. Ráðgert er að fækka útskotum við veginn og gera í stað fjölda útskota sem nú eru við veginn fjögur stærri bílastæði.

Lagt er til að breikka ekki veginn eingöngu öðrum megin, heldur verður breikkunin ýmist til hægri eða vinstri handar eftir því hvar talið er að svæði næst veginum hafi meira verndargildi. Fyrirhugað er að endurheimta gróður á aflögðum bílastæðum og ráðgert er að visheimt verði með svipuðum hætti og tíðkast hefur við Hellisheiðarvirkjun. Efnisþörf er um 40.000 m<sup>3</sup> og er ráðgert að taka efnið úr opinni námu í Svartagili. Umhverfisstofnun telur það góðan kost í stað þess að fara í námur sem þegar eru vel frágengnar eins og t.d. náman í Reyðarbarmi.

Umhverfisstofnun telur að ef framkvæmdin verður í samræmi við lýsingu í greinargerð sé ekki líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að hér eru lagðar til ýmsar aðferðir sem eru til þess fallnar að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar og telur stofnunin að beita ætti þessum vinnubrögðum víðar.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri